

býsna eftirtektarvert, hve mjög þessi þáttur úr sögu jarðlífsins minnir á það, sem seinna hefir gerst, eftir að mannkynið kom til sögunnar. Því að í mannfélögunum hefir andstillingin í hernaðarefnum sífellt farið vaxandi, og þó aldrei líkt því eins geist og geigvænlega og á þessum síðustu tímum. Er óhætt að segja, að meðan svo er, þá er mannkynið á glötunarvegi, eins og risar krítartímabilsins. En sá er munurinn, að þótt komið sé fram á barm glötunarinnar, þá er enn nokkur von um, að mannkynið geti áttað sig á hættunni og látið sér skiljast, hvert þess ætlunarverk er í sögu jarðlífsins og raunar alheimsins. En ætlunarverkið er það að vinna, að sínum hluta, að sköpun æ fegri og í alla staði fullkomnari heims.

20. *Nytsemi draumlífsins*

I

Í vestanblaðinu Lögbergi, 10. júlí s. l., er grein eftir Víglund Vigfússon, sem heitir Litið um öxl. Er þar draumsaga, sem vert er að vekja athygli á. Víglundur er staddur á bæ, þar sem hestar höfðu horfið og verið leitað kappsamlega, en ekki fundist. Rétt áður en Víglundur sofnar um kvöldið, biður annar leitarmaðurinn hann að gera næsta morgun tilraun til að finna hestana — hafði hann af ástæðum, sem getið er um í greininni, mikið álit á fundvísi Víglundar — en hann játar að fara. Víglundur sofnar síðan og dreymir, að hann sé á ferð ríðandi og sjái hesta tvo á lengdar. Vaknar hann nú og leggur þegar upp í leitina, kemur þar sem honum finnst hann kannast við sig úr draumnum, sér hesta tvo á lengdar, og reynast það vera hestarnir, sem hann er að leita að.

II

Draumsaga þessi er eftirtektarverð, af því að þarna kemur stillilögmálið svo vel fram, þýðing þess, að fleiri séu samhuga um eitthvert áhugamál, og þýðing traustsins. Af þessum ástæðum getur Víglundur í svefninum fengið samband við fullkomnara vit, líkt og fuglinn, sem fyrir skylt samband, ratar hina „háu vegaleysu“.

Mjög skyld saga, sem ég hefi séð er á þessa leið: I banka nokkrum hafði tapast áriðandi lykill. Margir leita kappsamlega en lykillinn finnst ekki. Nóttina eftir dreymir einn af leitarmönnum, að hann sé að leita að lyklinum og finni hann. Daginn eftir gengur hann þangað sem honum hafði í draumnum þótt lykillinn vera, og er hann þá þar. Það er óhætt að segja, að hefði leitarmaður verið aðeins einn, og aðrir ekki vitað um leit hans, eða látið sig hann engu skipta, þá mundi ekki hafa verið af neinum tilvísunardraum að segja.

III

Draumsögur eins og þessar gefa oss mikilsverða bendingu um það, hversu nytsamlegt draumlífið gæti orðið. Gerum ráð fyrir því, að nokkuð margt fólk ætti saman, ef svo mætti að orði komast, sjóð merkilegra og réttra hugsana, og að góðvild og traust ríkti þar manna á meðal. Draumlíf slíkra manna gæti orðið þeim til mikils gagns og gleði. Þeir gætu í svefni aukist að fróðleik, jafnvel eins og farið í heimsókn til annarra jarðstjarna, alheimsins — svo að ég komist nokkuð ófullkomlega að orði, en þó svo, að duga mun að sinni — fengið að vita um hag framliðinna ástvina og annarra, og jafnvel séð þá og heyrt. Þar að auki mundi svefninn, þegar samstilling hugarfarsins margra á meðal væri komin á nógu hátt stig, verða að miklu meira gagni en áður. En slíkt samband við frumlind lífsins, sem svefninn er, þarf að komast og getur komist á það stig, að þar sé allra meina bót, veikindi hverfi og sár grói. Jafnvel sú sýkin, sem alla sigrar að lokum í slíkum úthverfum lífsins, sem jörð vor er, elli-hrörnunin, getur engan bug unnið á þeim líkama, sem nægilegrar lífmagnanar verður aðnjótandi. En af slíkri sannleiks-rót er sprottið ýmislegt það, sem fróðlegast er í goðasögum.

25. sept. 1941.

21. Styrjaldirnar, menningin og Ísland

I

Styrjöldin sem nú er minnir að ýmsu leyti á ófriðinn